

DAGBLAÐIÐ

frjálst, óháð dagblað

Útgefandi: Dagblaðið hf.
Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson
Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson

Ritstjórnarfulltrúi: Haukur Helgason

Íþróttir: Hallur Simonarson

Hönnun: Jóhannes Reykdal

Bladamenn: Anna Bjarnason, Asgeir Tómasson, Atli Steinarsson, Bragi Sigurðsson, Erna V. Ingólfssdóttir, Hallur Hallsson, Helgi Pétursson, Ólafur Jónsson, Ómar Valdimarsson.

Handrit: Asgrímur Pálsson, Hildur Gunnlaugsdóttir, Inga Guðmannsdóttir, María Ólafsdóttir.

Ljósmyndir: Bjarnleifur Bjarnleifsson, Björgvin Pálsson

Gjaldkeri: Þráinn Þorleifsson

Auglýsingastjóri: Asgeir Hannes Eiríksson

Dreifingarstjóri: Már E.M. Halldórsson

Áskriftargjald 800 kr. á mánuði innanlands.

í lausasölu 40 kr. eintakið. Blaðaprent hf.

Ritstjórn Síðumúla 12, sími 83322, auglýsingar, áskriftir og afgreiðsla Þverholti 2, sími 27022.

Böllin hafa kontínúerast

Litill vafi er á, að núverandi ríkisstjórn hefur á rúmlega eins árs ferli sínum sýnt hliðstæða léttúð í fjármálum og efnahagsmálum og næsta ríkisstjórn á undan sýndi á sínum ferli. Böllin hafa svo sannarlega kontínúerast eins og í Kaupmannahöfn á einokunartímanum.



JÓNAS KRISTJÁNSSON

Þetta framhald léttúðar kom fyrst fram í fjárlagafrumvarpi ársins 1975. Nýja ríkisstjórnin notaði ekki tækifærið til að skera niður frumvarpið, áður en það var lagt fram. Nýkjörin alþingi notaði ekki heldur tækifærið og stækkaði meira að segja frumvarpið í sniðum við endanlega afgreiðslu þess.

Eftir síðustu áramót sáu menn, að þetta gat ekki gengið. Þá var ákveðinn 3500 milljón króna niðurskurður. Fjarveitinganefnd alþingis treysti sér ekki, þegar á hólminn var komið, til meiri niðurskurðar en 2000 milljóna.

Síðan gekk boltinn til fjármálaráðuneytisins, sem treysti sér ekki einu sinni til að framkvæma þennan litla niðurskurð, sem alþingi hafði þó fallið á. Svo leið fram á haustið og þá kom í ljós, að niðurskurðurinn var orðinn öfugur, — hallinn á fjárlögunum mundi nema tæplega 1300 milljónum á árinu.

Nú segir Seðlabankinn, að skuldasöfnun ríkisins við bankann sé þegar orðin 3500 milljónir á árinu. Þannig er 3500 milljón króna ráðgerður niðurskurður orðinn að 3500 milljón króna umframeyðslu.

Svona fer fyrir okkur, þegar enginn þorir að taka vettlingalaust á neinu. Allar heilögu kýrnar í kerfinu fá að keyra á fullu fram í þjóðargjaldþrot. Alls staðar er látið undan þrýstihópum til þess að halda friðinn.

Seðlabankinn hefur núna slegið 7500 milljónir króna í útlöndum til þess að fresta gjaldþrotinu og gefa ríkisstjórn og alþingi svigrúm til að hætta allri léttúð og fara að horfast í augu við kaldan raunveruleikann.

Seðlabankinn lét ekki hjá liða í björgunaraðgerðum sínum að benda ríkisstjórn og alþingi á, hvað aflaga hafi farið. Höfuðvandamálið væri greiðsluhalli ríkissjóðs og óhófleg fjármögnun hálfopinberra sjóða og opinberra framkvæmda.

Svo litla trú hefur Seðlabankinn á ráðamönnum þjóðarinnar, að hann þurfti sérstaklega að taka fram, að hið nýja 7500 milljón króna lán yrði að endurgreiða!

Ennfremur taldi bankinn sig þurfa að taka fram, að lánið ætti ekki að fara til framkvæmda. Ef til vill hefur bankinn haft í huga Borgarfjarðarbrúna og aðra slíka óskhyggju, sem veður uppi hjá léttúðugri ríkisstjórn, sem telur sig þurfa að keppa við yfirboð léttúðugar stjórnarandstöðu.

Böllin hafa kontínúerast. En nú er gleðskapnum lokið. Seðlabankinn hefur fengið útlendinga til að greiða til bráðabirgða veizluhaldavíxilinn. Nú hafa ráðamenn fengið svigrúm til að safna kjarki og gripa til þeirra ráðstafana, sem dugað geta til að koma útgjöldum og tekjum ríkis og þjóðar í jafnvægi.

HAUSTSÝNING FÍM

Hvers ætti maður að krefjast af Haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna? Að þar sé til sýnis úrval íslenskrar myndlistar í dag, munu einhverjir svara. Líklega er þetta óréttmæt krafa, sé málið skoðað ofan í kjölinn. Þeir myndlistarmenn sem sýnt hafa á árinu senda oft enga, eða þá eina slaka, mynd á Haustsýningu. Septem-sýningarnar höggva einnig djúpt skarð í þennan hóp, SÚMarar telja sig ekki eiga heima hér, — og loks hefur það verið yfirlýst stefna FÍM að leyfa nýju fólki að spreyta sig á þessum vettvangi. Síðustu fullyrðingu mína sanna dæmi: á sýningunni 1973 sýndu 30 félagsmenn á móti 25 utanfélagsmönnum, árið 1974 var hlutfallið 39 á móti 21, og í ár sýna 29 félagsmenn á móti 21 utanfélags. Þátttakendur í FÍM-sýningunum hafa síðustu árin verið 50—60 og flestir voru þeir og verk þeirra í fyrri, enda var þá plássíð fyrir hendi. Það sem vekur mesta athygli mína í sambandi við þessa statistik er hve fá verk voru send inn til mats í ár, 210 alls, sem er nær 100 myndum undir meðallagi síðustu ára.

Skyldi þetta vera vegna afstöðu FÍM í Kjarvalsstaðamálum eða einfaldlega tímabundið fyrirbæri? Kannski að hægt sé að örva ungt fólk til dáða og þá eldri til endurnýjunar með einhvers konar verðlaunum á Haustsýningu, fyrir besta verk sýningar og besta framlag nýliða til dæmis.

Óæskileg samkeppni?

En sjálfsagt telja þá margir óæskilega samkeppni komna inn í spilið, sem ég held að sé misskilningur því þroskaður listamaður getur í raun ekki „keppt við“ aðra en sjálfan sig. En sem sagt, eins og nú er í pottinn búið getur þessi sýning vart orðið nema vinalegt potpourri, samansafn miðlungsverka eldri manna og byrjendaverka nýliðanna með örfáum gleðilegum undantekningum þó, eins og venjulega.

Í ár eru færri verk til sýnis en ég man áður eftir, 96 alls, og ræður þar um að kjallari Norræna hússins er þröngur og hentar varla sýningu af þessu tagi. En þetta plássleysi bætir FÍM sér upp með skemmtilegri nýbreytni, sýningum á vinnustöðum sem ætlaðar eru starfsfólki staðanna eingöngu, þar eru til sýnis um 200 verk víðsvegar um bæinn og á þetta merka framtak örugglega eftir að auka áhuga á myndlist og er mikilvægt skref í þá átt að þroska myndrýni almennings.

Fjölbreytni minni

Á sýningunni í Norræna húsinu hefur plássleysið komið niður á fjölbreytninni, sérstaklega í vefnaði og skulptúr, auk þess sem grafík á sér ekki nema einn fulltrúa. En við höfum séð góða vefara á kvennasýningunni og grafíkmennt á sýningu þeirra í vor og því er e.t.v. ástæðulaust að vera að nöldra. Málverk eru eins og svo oft áður

Magnús á kostum

Verk Magnúsar Kjartanssonar eru afturá móti einn af hápunktum sýningarinnar. „Collage“-tæknina fundu þeir upp Picasso og Braque á öðrum tug þessara aldar en á síðustu árum hafa margir merkir listamenn farið að kanna möguleika hennar á ný með frábærum árangri. Nægir að nefna bandaríkjamanninn Robert Motherwell og danann Asger Jörn. Magnús hefur lengi dundað við að tengja klipptan og rifinn pappir malerískri grind á myndfleti sínum, og hér hefur honum greinilega tekist það fyrirtæki. Pappirnir eru komið fyrir af kimni og útsjónarsemi og áhorfanda er strítt með slitrúm af orðum upp á dönsku. Til hliðar við Magnús sýnir nýliði, Kjartan Asmundsson, dökka, surrealska táknmynd um Breiðholtshverfi og er honum um og ó. Skemmtilegt innlegg er verk annars nýliða, Steingríms E. Kristmundssonar, sem nefnist



ADALSTEINN INGÓLFSSON



Myndlist

þungamiðja Haustsýningarinnar og þar situr flest við sama heygardshornið, lítið um skapandi uppátæki eða notkun nýrra efna, þótt traust verk sé að finna inn á milli. Jóhannes Geir sýnir gömul verk og ný, krafturinn í pentskúfinum er þar enn, en litir nýrri mynda hans eru farnir að hallast yfir á sætbeiska planið. Mynd hans „Frá Laugarnesi“, frá því 1970 er hans besta hér, einföld, kraftmikil og markviss. Einar G. Baldvinsson hefur áður gert betri myndir en hér eru til sýnis. „Hornbjarg“ er óþarflega stíðlegt og „Gera klárt“ er enn tjóðruð við bátarómantik fyrirstriðsáranna.

„79—13“ og er gert með penna og litblýanti. Setur hann þar fram alls kyns myndrænir tillögur í teiknimyndastíl og eru þær ekki tengdar rökrænt saman, heldur er ætlað að síkveikja á hugsanaperu rýnanda án þess þó að teyma hann á eftir sér í einhvern sannleiksbás. Líklega mun verk Steingríms teljast til hins myndræna afbrigðis „conceptual“ listarinnar og með markvissari einföldun lofar myndin góðu um framtíðina. Verk Bjarna Ragnars Haraldssonar man ég ekki eftir að hafa séð fyrr. Hann sýnir hér stóra surrealska mynd sem sjokkerar

Þeirri staðreynd skal ekki mótmælt að meginundirstaða afkomu þjóðarinnar á síðustu áratugum hefur verið fiskur og útflutningur hans þótt margt fleira hafi komið til, svo sem margháttað efnahagsaðstoð frá alþjóðastofnunum og síðast en ekki sízt aðstoð frá Bandaríkjunum í ýmsum myndum.

Staðreynd er það hins vegar að hin auðugu fiskimið, sem af flestum hafa verið talin ótæmandi forðabúir íslendinga einna og hafa verið meðhöndluð samkvæmt því, eru nú svo til uppurin og ekkert getur bjargað þeim í brád, heldur aðeins í lengd, með algerri friðun og stefnubreytingu á atvinnuháttum landsmanna meðan unnið er að endurmati og nýrri heildarlöggjöf um sókn og nýtingu þessara auðlinda.

Á meðan eru góð ráð dýr og hefur enda verið lagður nokkur kostnaður í rannsóknir og leit að öðrum uppsprettum sem gætu orðið undirstaða afkomu landsmanna, á svipadann hátt og fiskveiðar hafa verið, eða hreinlega komið í stað þeirra eins og nú virðist nauðsyn á.

Vitað er að uppsprettur eða auðlindir eru til staðar í landinu sjálfu og miklu auðveldari viðfangs til úrvinnslu og um leið ódýrari að tilkostnaði heldur en fiskveiðum og fiskvinnslu er samfara. Verður víkið nánar að þessu hér á eftir.

En það hefur ekki gengið átakalaust að sannfæra hina æfðu atkvæðaveiðara um að

Þverskurður þjózkunnar

aðrir þættir en sjávarútvegur væru þess virði að leggja á þá aðaláherzlu. Þannig hefur fiskur og allt sem honum er tengt verið þjóðinni og forystumönnum hennar á hverjum tíma sú biblíja arðs og efnahagsafkomu að til þessa dags hefur þótt miður björgulegt að leggja út í og stofna til annars atvinnureksturs en þeirrar erjusömu búðsetu millifærslu- og sjóðakerfis sem íslenskur sjávarútvegur er.

Sjávarútvegur hefur og sjaldan setið á sáttis höfði gagnvart ríkisvaldinu, einkanlega opinberum lánastofnunum, og þegar millifærslurnar hafa ekki dugað til að „halda úti flotanum“ hefur verið gripið til niðurgreiðslna úr ríkissjóði á flestum ef ekki

öllum rekstrarvörum þessa meingallada atvinnureksturs og er jafnt á komið með útgerðinni sjálfri og fiskvinnslunni að hvorug atvinnugreinin getur endurnýjað sig, nema með lánum sem nema um 90%.

Ekki dugar það samt til og er nú enn komið að einni „stöðvuninni“, og var það aðeins með lofordum um nýja „aðstöð“ sem tókst að halda fiskvinnslustöðvum gangandi um sinn á meðan verið er að finna leiðir til að útteila bónbjörgum, en ekki til þeirra fáu sem þó hafa sýnt ráðdeild og hagkvæmni í rekstri fiskvinnslu, — heldur til þeirra sem gegnum árin hafa raunverulega verið „útgerðarstjórar“ hins opinbera og sótt þangað rekstrarfé hvort sem um



Ein af myndunum á Haustýningu FIM: Gunnar Örn Gunnarsson: Portrett (olla).

við fyrstu sýn, en skilur ekki mikið eftir sig. Hornreka í bók-staflegri merkingu er svo Sig-riður Björnsdóttir með akril-myndir sínar tvær sem ekki virðast gerðar af mikilli sann-færingu og með sterku skreyti-ívaði sem sömuleiðis staldrar ekki lengi við í höfði skoðanda. Síðan fylgir Hafsteinn Austmann á eftir með tvær nýjar ollumyndir og er still hans orðinn nokkuð fyrirsjáanlegur.

Potuflug

Bestu ollumynd sýningarinnar á Hringur Jóhannesson í „Potuflugi“ sinu, magnað og nákvæmt verk sem inniheldur þó mikinn skáldskap um hið gamla og hið nýja. Aðrar myndir hans hér eru gerðar með hans venjulegu natni en sindra ekki út frá sér eins og sú stóra.

Fyrir endavegg hanga tvær optísk-geómetriskar myndir Eyborgar Guðmundsdóttur sem báðar heita „Titrandi strengir“.

Myndir eins og þessar krefjast vandaðs frágangs og hafa vinnubrögð Eyborgar batnað mikið hvað það snertir. Einhver þyrkingur er samt í myndum hennar. Kannski eru forsendur hennar of einfaldar og augljósar, þ.e. hringir og feringar á móti „strengjunum“ sem sjálfir titra ekki á sannfærandi hátt.

Minni Barrok

Við hlið hennar er Gunnar Örn Gunnarsson sem nú gerir það gott á stóru galleríi í Kaupmannahöfn. Gunnar á hér þrjár myndir og eftir þeim að dæma er hann orðinn stórum spakari í list sinni en áður. Barrokhreyfingin og æsingurinn er horfinn og sterkir myndstuðlar og mun-aðarfullir litir halda nú mynd-um hans saman. „Módel“ hans er hefðbundið verk, en litina og andlitsbygginguna á Gunnar. Í líkamsteikningu sinni hér er hann greinilega að stíla upp á að áhorfandi geti að einhverju leyti

í eyðurnar, en er ekki nægilega öruggur þar og einstaka lína er klúðursleg. Portrettmyndir hans eru sterk verk og virðist Gunnar Örn hafa mikið öryggi í þeirri list. Með sköfu eða breið-um pensli virðist hann gripa aðaláherslur andlitsins í einni svipan. Eftirtektarvert er einn-ig litrim hans sem er orðið mjög fagað. Björg Þorsteinsdóttir sýnir stóra akrilmynd er nefnist „Sumarminning“. Björg hefur náð að skapa sér mjög sérstæðan og auðþekkjanlegan stíl þar sem þekkjanleg form samtvinnast afstrakt flötum, og á þetta við um þessa mynd.

En einhvern veginn stinga hinir skæru líftelir hennar mig í þetta sinn, e.t.v. eru þeir of sterkir fyrir fingerða teikningu náttúrulegu formanna.

Surrealism

Á næsta vegg á Bragi Hannes-son mjög snortar vatnslita-myndir og síðan tekur Þorbjörg

Höskuldsdóttir við með persónulegar surrealistiskar myndir. Litir hennar eru nú betur samræmdir en oft áður og hugmyndirnar ferskari, en verkleg útfærsla þeirra dregur dælitíð úr kraftinum. Jónas Guðvarðsson heldur síðan áfram á hurðarvegg með „Fyrning“ þar sem blönduð tækni er notuð, en sætabrauds-litir hans draga úr áhrifunum.

Sævar Danielsson hefur nokkrum sinnum sýnt á Haust-sýningum, bæði málverk og skulptúr. Lífrænt myndmál og vönduð vinnubrögð hafa verið einkenni á verkum hans og er svo einnig með „Málverk“ hans tvö sem þar að auki bera vott um hugmyndaauðgi. Síðan má sjá tvö verk eftir Sigurð Örlygs-son sem bæði bera jazzkennd nöfn eins og Sigurðar er von og vísa. Litir hans eru orðnir dýpri og munarþryllir en áður, en hann má gæta sín á því að skipta myndum sínum ekki of absólút í tvennt. En Sigurður á betri myndir í þussi sínu og geymir þær eflaust til næstu einkasýn-ingar. Myndir Einaris Þorlaks-sonar eru mun heilsteypari en obbinn af nýafstaðinni sýningu hans, þétt og örugglega sam-settar með ákveðnum mynd-áherslum og vinnuáðferðir og litir Arnars Herbertssonar hafa lítið breyst.

Viddir Vilhjálms

Í innri sal er Valtýr Pétursson fyrstu með tvö verk, en þar næstur hangir Jón Reykdal með fjórar stórar blýantsmyndir um „Tíma andófsins“, mjög lipur-lega gerðar og vandlega hugs-aðar. „Samlifrænar viddir“ Vilhjálms Bergssonar virka ávallt heldur þurrpumpulega á mig, litirnir eru óþægilegir og myndhugsunin einföld. Vilhjálmur gæti lært sitthvað af Sævari Danielssyni hvað tækni snertir. Agust Petersen er ekki hræddur við að sýna aftur og stendur sig vel og kappinn Örlygur Sigurðsson er kominn út í bátamyndir, skemmtilega dulúðugar í lit en ekki nógu sannfærandi teiknaðar.

Kristján Jón Guðnason á hér litla vatnslitamynd, ferska og frjállega gerða, og Ragnheiður Ream sýnir tvær ollumyndir í sterkum, vel samræmdum lit-um. Kjartan Guðjónsson er kominn út í sterkari liti og stór-fenglegri hreyfingu í myndum sínum og Eyjólfur Einarsson hefur gott vald á sérstæðu myndmáli.

Frá Akureyri

Alþjóð munu kunnir litir Óla G. Jóhannssonar, en myndhugs-un hans byggir eins og áður á skrytlegum frásagnarstíl. Örn Ingi sýnir „Haust“, daufbeiskt í litum og átakalítið sem mynd-efni og tækni Helga Vilbergs fer sífellt batnandi, þótt ekki verði komist hjá því að nefna surrealistann Magritte í sam-bandi við myndir hans. Málverk Gísla Sigurðssonar er heldur stírt fyrirtæki, þótt litir séu af og til skemmtilega samhljóma í myndinni.

Kolamyndir Haralds Guð-bergssonar eru daufar og ljóð-rænar að upplagi, — e.t.v. helst til þokukennar, og landslag Hrólfs Sigurðssonar er glórandi og expressjónískt. Af öðrum myndum í þeim sal má nefna „Leik“ Solveigar Helgu Jóns-dóttur, leitandi verk, „Skýja-borgir“ Brynhildar Óskar Gísladóttur, skemmtilega surrealistisk verk, og „Indriða-staði“ Gunnars I. Guðjónssonar, happa- og glappalega expressjónískt en nokkuð sæmi-legt samt.

Frammi í gangi hanga finleg-ar vatnslitamyndir Hjörleifs Sigurðssonar, sprengivatnslitir Jónasar Guðmundssonar, kraft-mikil og litsterk verk Jóhönnu Bogadóttur og táknrænar krit-armyndir Vigfúsar Heiðars Guðmundssonar.

Agæt Asgerður

Við hlið hans eru vatnslitir Sigurðar Thoroddsen sem virðast eiga heima í einhverju öðru umhverfi. Ekki má svo gleyma vatnslitum Sigurðs Jakobs-sonar, en þeir voru til sýnis ný-verið.

Lítið er um vefnað á þessari sýningu, en samt fer Asgerður Búadóttir á kostum í mynd sinni „Huldulauf“ sem endranær. Verk hennar er ríkt bæði af formhugsun og áferð, en vefur Barböru Arnason er einnig skemmtilegt verk. Leifur Breið-fjörð sýnir ekki á sér nein stöð-unarmerki í glermyndum sín-um, en aftur á móti er fátt nýtt að sjá í skulptúrnum. Verk Hall-steins höfum við nýlega séð, „Börn“ Þorbjargar Pálsdóttur eru eins markvisst fráhrindandi og áður, Guðmundur Benedikts-son heldur sínu striki í eirblökk-um sínum og Sigurjón Ólafsson sýnir nýtalgað verk „Mýkt“, með eir-ívaði.

Þess ber að geta að sýn-ingarskrá er mikið gölluð, fæð-ingarar röng, linur færðar til o.s.frv.

góðari eða hallæri hefur verið að ræða.

Blekkingin um að fiskveiðar og afleiddur atvinnurekstur sé sá hornsteinn sem Íslenska þjóðin eigi að grundvallar lífsaf-komu sína á í náinni framtíð er stærri en svo að þeir, sem henni beita, geti risið undir þeim áfellsdómi sem þeir þurfa að þola þegar þjóðinni hefur lært að hagkvæmara er að arðtaka auðlindir þær sem fyrir hendi eru en þær sem uppnar eru. En blekkingin mun sennilega sitja í fyrirrúmi enn um sinn, hvað sem síðar kann að verða.

Blekkingin kemur fram í mörgum myndum en hefur ávallt sama takmarkið, nefnilega það að halda fiskveiðum gangandi hversu illa sem aflast og hversu erfiðlega sem gengur að selja afurðirnar á erlendum markaði.

Því er einnig oft haldið fram að þrátt fyrir það millifærslu-kerfi, sem við búum við gagn-stætt því sem aðrar þjóðir vest-rænar nota, þ.e. raunverulegt markaðskerfi, þá muni sá dagur koma að Íslendingar geti lítið björtum augum til framtíðar-innar og fiskafurðir muni hækka svo í verði að við getum jafnvel vænt þess að geta greitt skuldir okkar erlendis, jafnhliða því að geta séð fyrir nauðsynlegum innflutningi til lífsviðurværis! Blekking og aftur blekking.

En það er ekki einasta að stjórnmálamenn hafi skýlt þessum „stóriðjurekstri“ okkar með blekkingum og þrjúkfull-

Kjallarinn



Geir R. Andersen

um fullyrðingum heldur hefur innan þessa atvinnurekstrars víðgengist svo geigvænleg svikamylla og lagabrot að enginn annar atvinnurekstur hefur átt eins í vök að verjast fyrir síðgæðisvitund almennings. Jafnvel skipstjórnarmenn, þessar hetjur hafnsins sem margir hverjir taka sér fri stóran hluta ársins til þess að þurfa ekki að greiða skatt af fullum árstekjum eins og venju-

legir borgarar, hafa verið staðnir að því að þverbrjóta veiðiheimildir sem löggjafinn setur og fara að eigin lögum varðandi veiðikvóta og afla-magn.

Röksemdir ráðamanna um „að batamerki sjáist víða um heim, m.a. í Bandaríkjunum, og sem muni verða til þess að hækka verð á afurðum okkar þar“, verður að telja harla létt-vægar. Það er staðreynd að í Bandaríkjunum, jafnt og ann-ars staðar í velmegandi lönd-um, er lítið á fisk sem annars flokks fæðutegund og hennar ekki neytt nema undir sérstök-um kringumstæðum, allt að því lagabóði, eins og raunin var um föstudagsneyzluna að baki páfa, enda mikill léttir öllu kaþósku fólki er það lögboð var afnumið. Má segja að afnám þess lögboðs hafi verið einn alvarlegasti skellurinn sem við Íslendingar urðum fyrir á seinni árum varð-andi verðlækkun þessarar út-flutningsvöru þegar ekki var lengur lögboðið að eta fisk á föstudögum. Var þá fokið í flest skjól og gætir enn áhrifa þessa hér.

Viðskiptamálaráðherra hefur látið eftir sér hafa að „mestu efnahagsferfiðleikarnir séu von-andi að baki nú“. Fólk spyr því gjarnan hvar erfiðleikarnir hafi komið fram í raun ef þeir eru allir að baki nú! Er ekki hér enn ein blekkingin á ferð eða er um að ræða þverskurð þrjúkunnar í öllu sínu veldi?

Heldur viðskiptamálaráð-herra raunverulega að almenn-ingur í Bandaríkjunum muni hlaupa upp til handa og fóta og kaupa sér fisk í soðið jafnskjótt og auraróð verði rýmri? Nei, hér talar ráðherrann gegn betri vitund því það er staðreynd að þótt viss teikn séu á lofti um að dýrtíðaraldan í heiminum sé að réna (að frátöldu Íslandi) og mikil batamerki í efnahagsmál-um Bandaríkjanna er engin von til þess að við njótum þar góðs af þegar rætt er um sölu á fisk-afurðum. Tilbúin verðhækkun á fiskafurðum okkar í Bandarík-junum mun því lítið stöða í okkar efnahagsferfiðleikum og þaðan af síður sú blekkingar-staðhæf-ing að „mestu efnahagsferfið-leikarnir séu vonandi að baki nú“.

Efnahagsörðugleikarnir eru rétt að byrja hér og munu hald-ast um langan tíma, nema snögglega verði söðlað um og veðjað á réttan hest, þann hest sem aðallega hefur verið hafður til sýnis fyrir erlenda gesti og ritað hefur verið um af miklum fjálgleik í blöð og litprentaða bæklinga, — nefnilega íslenska orku.

Það getur ekki farið á milli mála að orka í formi jarðvarma og vatnsfalla hlýtur að vera sú náttúruauðlegð sem við Íslend-ingar verðum að byggja framtíð okkar á, og sú orka eingöngu. Þessi náttúruauðafi eru mælan-leg, snertanleg og ótakmörkuð, að því er best er vitað, gagn-stætt því sem fiskimiðin eru.

Það mun því skipta miklu máli hvernig til tekst með þær hugmyndir sem í athugun eru og aðrar sem á eftir fylgja og hvort þjóðin og forystumenn hennar geta fengið það af sér að skera á líftaug þess afæturekst-urs sem sjávarútvegur hefur verið á undanförmum árum og stuðlað þannig að áframhald-andi lífsskilyrðum í þessu landi með allsherjar iðnvæðingu, byggðri á orku þeirra auðlinda sem við höfum átt í landinu sjálfa frá upphafi.

Það hefur staðið efnahagslífi okkar fyrir þrífum hingað til að eldri kynslóðin er enn allsráð-andi í þingsölum og í embættis-mannakerfinu og hefur einungis stuðzt við glópalán sem ráð-gjafa, eins og dæmin sanna svo ljóslega. Fiskifræðingar og að-ir sérmenntaðir hafa ekki átt upp á pallborðið hjá stjórn-málamönnum sem ávallt hafa gengið erinda „útgerðastjóra“ sinna og annarra víðlíka þrýsti-hópa. Þess vegna eiga nýjar hugmyndir um aðra atvinnu-vegi, sem geta tekið við af fisk-veiðum, erfitt uppráttar og þó að þrjúkkan, þessi meinkraka þjóðarsálarinnar, hafi tekið sér alræðisvald í orðum og athafna-leysi stjórnmálamanna þeirrar kynslóðar, sem hafði glópalánið að leiðarljósi, þarf hún ekki nauðsynlega að dæma Íslenzka þjóðlífi til ævarandi ölmusu-göngu. — nema því aðeins að meirihluti hennar æski þess al-veg sérstaklega.